

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 162/2012****2012/EES/70/10****frá 28. september 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/2/ESB frá 9. febrúar 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virku efnunum kopar(II)oxíði, kopar(II)hýdroxíði og basísku koparkarbónati við í I. viðauka við hana ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/3/ESB frá 9. febrúar 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta við virka efninu bendíókarbi við í I. viðauka við hana ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/77/ESB frá 9. febrúar 2012 um að færa flúfenoxúrón ekki á skrá í sæfiefnaflokki 18 í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/78/ESB frá 9. febrúar 2012 um að færa tiltekin efni ekki á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ⁽⁴⁾.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12n (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB):
 - „– **32012 L 0002**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/2/ESB frá 9. febrúar 2012 (Stjtið. ESB L 37, 10.2.2012, bls. 60).
 - **32012 L 0003**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/3/ESB frá 9. febrúar 2012 (Stjtið. ESB L 37, 10.2.2012, bls. 65).“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 12zzf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 440/2010):
 - „12zzg. **32012 D 0077**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/77/ESB frá 9. febrúar 2012 um að færa flúfenoxúrón ekki á skrá í sæfiefnaflokki 18 í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. ESB L 38, 11.2.2012, bls. 47).
 - 12zzh. **32012 D 0078**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/78/ESB frá 9. febrúar 2012 um að færa tiltekin efni ekki á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. ESB L 38, 11.2.2012, bls. 48).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2012/2/ESB og 2012/3/ESB og ákvarðana 2012/77/ESB og 2012/78/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 37, 10.2.2012, bls. 60.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 37, 10.2.2012, bls. 65.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 38, 11.2.2012, bls. 47.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 38, 11.2.2012, bls. 48.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. september 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.